



Nýtt upphaf Strákarnir okkar hefja leik í undankeppni HM 2018 gegn Úkraínu. Hér eru þeir á æfingu á Ólympíuvellinum sem verður tómur í kvöld. Sjá síðu 12 FRÉTTABLAÐIÐ/HAFLIÐI BREIÐFJÖRD

## Gifta fólk á leiksviðinu

**LÍFIÐ** Þör sem hafa áhuga á að láta þússa sig saman á óvenjulegan og ódýran hátt fá tækifæri til þess í janúar. Þá munu Guðrún Selma Sigurjónsdóttir og Gígja Jónsdóttir setja upp sýningu þar sem brúðkaup verður sett á fjalirnar.

„Það hefði vissulega verið miklu auðveldara að finna einhverja leikara til að leika þetta en við viljum blanda saman raunveruleika og tilbúningi,“ segir Guðrún Selma.

Gert er ráð fyrir að eitt til þrjú þör verði gefin saman.

— ga/sjá síðu 22



## Börn stór hluti kærðra

Ungmennni voru fjórðungur allra sem kærðir voru á höfuðborgarsvæðinu á síðasta ári. Flest kærð fyrir þjófnað. Afbrotafræðingur vill hækka sakhæfisaldur.

**SAMFÉLAG** 491 barn átján ára og yngri var kært fyrir brot á hegningarlögum á síðasta ári. 307 strákar og 187 stelpur. Langflest ungmennin eru gripin fyrir þjófnað, þá innbrot og ofbeldi og kynferðisbrot.

Helgi Gunnlaugsson afbrotafræðingur segir að ihuga ætti alvarlega að hækka sakhæfisaldur í 18 ár enda sýni rannsóknir fram á að ákærumeðferð barns ýti jafnvel undir ný brot.

„Sáttamiðlun milli gerenda og þolenda gæti í þessu samhengi skipað hærri sess í málefnum ungmenna. Að ungmennum á glapstigum sé gerð grein fyrir afleiðingum brota sinna á þolendur og samfélagið allt um leið og þau fá tækifæri til að bæta fyrir

brotið og sjá raunhæfa möguleika á að tengjast því á uppbyggilegan hátt í framtíðinni,“ segir Helgi.

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins um afskipti lögreglu af börnum kemur fram að kærð ungmenni eru fjórðungur kærðra í hegningarlaga-

**Sáttamiðlun milli gerenda og þolenda gæti í þessu samhengi skipað hærri sess.**

Helgi Gunnlaugsson, afbrotafræðingur



brotum árið 2015. Þá er átt við börn og ungmenni að tuttugu ára aldri.

Kærð ungmenni voru alls 644 á síðasta ári. 65 prósent þeirra eru strákar og stúlkur um 35 prósent. Stúlkur á þessum aldri eru um þriðjungur kvenna sem kærðar voru fyrir hegningarlaga brot árið 2015, en strákar um fjórðungur kærðra karla.

Hlutfall kærðra ungmenna af heildarfjölda kærðra hvert ár hefur þó verið að lækka, að undanskildum stúlkum, en greiningardeild lögreglu segir meiri sveiflur einkenna fjölda stúlkna en drengja. Þegar mest lét árið 2009 voru ungmenni 20 ára og yngri um 37 prósent kærðra í hegningarlaga brotum. — kbg

## Fréttablaðið í dag

**LÍFIÐ** Vertu upp á þitt besta á Bieber. Fjórðunarfræðingur gefur tónleikagestum góð ráð. 20



**FRÉTTIR** Læknir segir engan vafa leika á um ágæti sykurskatts 4

**SKOÐUN** Guðmundur Andri skrifar um náttúruvernd og traust mannsins 11

**SPORT** Væntingarnar eðlilega miklar eftir góðan árangur. 12

**TÍMAMÓT** Fagna tuttugu ára afmæli myndasögublaðs 14

**PLÚS 2 SÉRBLÓÐ • FÓLK • LÍFIÐ**

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

0 KR.  
NOVA  
Í NOVA  
10GB  
1.990 KR.

0 KR.  
NOVA  
Í ALLA  
10GB  
2.990 KR.

# TILBOÐ Í FRELSI

MÁNADARLEG ÁFYLLING MED DEBET- EDA KREDITKORTI

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA



## Veður



Vaxandi austan- og norðaustanátt í dag og þykkar upp. Allhvöss austanátt með rigningu fyrst um landið sunnanvert þegar kemur fram á daginn. Hiti yfirleitt 8 til 14 stig. **SJÁ SÍÐU 16**

## Viðskiptin aukist um helming

**VIÐSKIPTI** Á fyrstu átta mánuðum ársins nam meðalfjárhæð daglegra viðskipta með hlutabréf í Kauphöll Íslands 2,24 milljörðum króna, sem er 62 prósent hækkun á milli ára. Samkvæmt upplýsingum frá Kauphöllinni námu viðskipti með skuldabréf daglega að meðaltali 6 milljörðum króna og drögust saman um nítján prósent milli ára.

Velta á hlutabréfamarkaði það sem af er ári nemur rúmum 370 milljörðum króna. Mest hafa viðskipti verið með bréf Icelandair Group. Gengi bréfa í N1 hafa hækkað mest á árinu eða um 52,3 prósent, á meðan gengi bréfa í HB Granda hafa lækkað mest á árinu eða um 24 prósent.

Stoðtækjafyrirtækið Össur er stærsta fyrirtækið í Kauphöllinni í dag samkvæmt samantekt Íslandsbanka og er verðmæti þess 191 milljarðar króna. Marel er næststærsta fyrirtækið og þá kemur Icelandair Group þar á eftir.

Fyrir tuttugu árum síðan var Eimskip stærsta félagið í Kauphöllinni en fyrir tíu árum, í miðju góðæri árið 2006, var Kaupþing stærsta fyrirtækið í Kauphöllinni og var verðmæti þess 623 milljarðar króna. –sg

## Einn lést í slysi á Ólafsfjarðarvegi

**SLYS** Banaslys varð á Ólafsfjarðarvegi í gær á vegamótunum við Skíadalsveg. Þrjár bílar skulu saman og lést einn í árekstrinum sem varð um klukkan hálf fjögur.

Þá voru fjórir fluttir á sjúkrahús eftir slysið og er líðan þeirra sögð eftir atvikum í tilkynningu sem barst frá lögreglu. Rannsókn stendur nú yfir á tildrögum slyssins.

Annað slys varð við Hörgá í gær. Þar slösuðust tveir þegar dráttarvél og folksbífeidi skulu saman skammt norðan við brúnna. – þea

## Berjatínsla við Hafravatn



Yfir helgina flyktist fólk í flestum landshlutum út í móa enda farið að siga á síðari hluta berjatínslutímabilsins. Útlit er fyrir að hægt verði að tína nokkra daga í viðbót enda næturfrost víða um land verið lítið sem ekkert. „Það er ekkert frost í kortunum enda fylgir hlýtt loft lægðunum sem eru á leiðinni,“ segir Elín Björk Jónasdóttir, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands. Því er enn von fyrir berjahungraða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Hópfjármagna kosningarnar

**STJÓRN MÁL** Kosningabaráttu Pírata fyrir komandi þingkosningar verður hópfjármögnuð í samstarfi við KarólínaFund. „Við álitum þetta góða leið til að vera eins sjálfstæð og við getum. Píratar eru ekki tengdir neinum sérhagsmunahópum og vilja ekki vera það,“ segir Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir framkvæmdastjóri Pírata.

Þetta er í fyrsta skipti sem íslenskur stjórnmálaflokkur safnar fé á þennan hátt. – sks/jóe

**Ef það safnast meira en við þurfum á að halda þá verður afgangurinn látinn renna í gott málefni.**

Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Pírata



# Hugmynd um ylströnd í Borgarnesi gaumgæfð

Eigandi veitingahússins Englendingavíkur í Borgarnesi vill samstarf við bæjar- yfirvöld og hugsanlega Orkuveituna um að útbúa og reka ylströnd í Englendingavík. Einar Valdimarsson segir ferðamenn þurfa að hafa nóg fyrir stafni.

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Við erum að reyna að lifga þetta enn meira,“ segir Einar S. Valdimarsson sem óskar eftir samstarfi við Borgarbyggð um gerð ylstrandar í Englendingavík.

Einar rekur þegar bæði veitingastað og heimagistingu í Englendingavík og hefur auk þess verið að gera þar upp annan húsakost, þar með talið pakkhús og gömlu kaupfélagsskrifstofurnar, til að vikka út starfsemina.

Margir þekkja svæðið við Englendingavík, ekki síst barnafólk sem sótt hefur hinn vinsæla Bjössaróló sem orðinn er þekkt kennileiti í Borgarnesi. Einar segir vikina afar skjólsæla, sérstaklega í norðanátt.

„Hér 150 metra frá var fólk á ungmennafélagsmóti um daginn norpandi á meðan það voru krakkar á sundskýlum hjá okkur. Þetta er bara náttúruperla, ekkert annað,“ útskýrir vertinn í vikinni.

„Draumurinn hjá arkitektinum er að vera jafnvel með litla heita potta sem flæðir inn í. En enn þá eru þetta bara hugmyndir sem kviknuðu,“ segir Einar sem kveðst einnig líta til samstarfs við Orkuveituna varðandi heitu pottana og hugsanlega sturtuadstöðu.

„Þá er hugmyndin að lýsa upp klettavegg ofan við göngustíg sem liggur frá brúnni yfir í Brákarey og gera þetta svolítið flott. Þetta er spurning um að lifga aðeins upp á,“ segir Einar sem kveður ætlunina að fá listamann til að „finna og draga fram mannamyndir“ sem séu þar fyrir í klettunum.

„Vandamálið í ferðaþjónustunni er að útlendingurinn þarf að hafa eitthvað fyrir stafni. Hann þarf eitthvað öðruvísi og eitthvað sem



Englendingavík er skjólsæl náttúruperla og útivistarsvæði.

MYND/MAGNÚS KÁRI EINARSSON

**Vandamálið í ferðaþjónustunni er að útlendingurinn þarf að hafa eitthvað fyrir stafni.**

Einar S. Valdimarsson í Englendingavík



er gaman að skoða,“ undirstrikar Einar.

Ótaldar eru hugmyndir um að koma fyrir gömlum bát við steinbryggjuna til augnayndis og setja upp vefmyndavélar í Litlu-Brákarey sem er friðuð og Einar kveður vera mikla fuglparadis.

„Hugmyndin er að gera fólki kleift að sjá æðarfuglinn með ungana og að það geti fylgst með flóðinu og fjörinni. Ég held að ferðaþjónusta í Borgarnesi eigi vagnýtt tækifæri í fuglunum og strandlengjunni almennt.“

Byggðarráð Borgarbyggðar segir þessar hugmyndir áhugaverðar og hefur sett þær í skodun.


gar@frettabladid.is

## ÁSKRIFTARKORT BORGARLEIKHÚSSINS



Bókaðu áskrift með einföldum hætti á [borgarleikhus.is](http://borgarleikhus.is)



A photograph of a modern interior. On the left, a stone fireplace with a fire burning inside. In the foreground, a green armchair with a silver base. The background is a light-colored wall with a framed picture on the right. The top half of the image features a stone wall with white text.

# Fjármála- þjónusta og ráðgjöf hér heima og erlendis.

**GAMMA Capital Management annast sjóða- og eignastýringu og veitir ráðgjöf til fyrirtækja, lífeyrissjóða og efnameiri einstaklinga. GAMMA vinnur náið með erlendum fjármálafyrirtækjum og verðbréfasjóðum og opnaði nýlega skrifstofu með sjálfstætt starfsleyfi í London. Kynntu þér starfsemi okkar á [gamma.is](http://gamma.is).**

#### REYKJAVÍK

Garðastræti 37 | 101 Reykjavík | Iceland  
(+354) 519 3300 | [gamma@gamma.is](mailto:gamma@gamma.is) | [gamma.is](http://gamma.is)

#### LONDON

25 Upper Brook Street | Mayfair | London | W1K 7QD  
+44 (0) 207 429 2200 | [gcm@gcm.co.uk](mailto:gcm@gcm.co.uk) | [gcm.co.uk](http://gcm.co.uk)



# Ungmennaráð Grindavíkur vill byggja trampólínkörfuboltavöll

**SAMFÉLAG** Ungmennaráð Grindavíkurkaupstaðar hefur verið starfandi í tvö ár og á þeim tíma hafa ungmennin svo sannarlega sett sinn svip á bæinn.

Á stóru svæði við grunnskóla bæjarins er búið að byggja ungmennagarð sem iðaði af lífi í allt sumar. Þar má meðal annars finna grillskýli, aparólu, kósýrólu og strandblakvöll.

„Maður tók eftir breytingum í sumar. Þá var fullt af fólki á öllum aldri á hverju kvöldi á svæðinu, sérstaklega í strandblakinu,“ segir Lárus Guðmundsson, sem var fyrsti formaður ráðsins.



Trampólínkörfuboltavöllurinn í Grindavík mun verða utandyra.

Byggingu garðsins er þó ekki lokið og nú á teikniborðinu svokallaður trampólínkörfuboltavöllur ásamt minigolfvelli. „Þau eru mjög metnaðarfull,“ segir Þorsteinn Gunnarsson, sviðsstjóri frístunda- og menningarssviðs bæjarins um ungmennin. „Þau hafa átt hugmyndina sjálf og vinna að þessu hörðum höndum. Þetta eru sannarlega dýr verkefni en krakkarnir eru frjóir, mæla sjálfir og teikna upp hugmyndir sínar í stað þess að borga fyrir hönnun.“

Ungmennaráð hefur kynnt hugmynd sína að trampólínkörfuboltavelli fyrir bæjarstjórn en málið verður

tekið fyrir á fundi hennar á næstu dögum. Þorsteinn er bjartsýnn á útkomuna en svona völlum kostar 10-20 milljónir. Völlurinn er eins og nafnið gefur til kynna; körfuboltavöllur með trampólínum í stað venjulegs undirlags.

„Bæjarstjórnin hefur sýnt þessu mikinn áhuga og skilning. Það er líka gaman að sjá hvað ungmennin læra mikið af verkefninu; um stjórn-sýsluna og lýðræðið,“ segir Þorsteinn.

Vonast er til að völlum komist í gagnið fyrir næsta sumar og verður það þá fyrsti trampólínkörfuboltavöllurinn á Íslandi. – ebg

## Fjörutíu prósent aukning í sölu nýrra fólkubíla

**BÍLAR** Nýskráningum fólkubíla í ágúst fjölgaði um 40,3 prósent, samanborið við fyrra ár. Alls voru nýskráðir 1181 nýir fólkubílar samanborið við 842 í ágúst árið 2015, segir í tilkynningu frá Bilgreinasambandinu.

Það sem af er ári hefur verið 38,2 prósent aukning í nýskráningum bíla, miðað við fyrra ár. Nýskráðir fólkubílar á þessu tímabili voru 14.918 á móti 10.794 miðað við sama tímabil 2015 eða aukning um 4124 bíla.

Með áframhaldandi góðri sölu ætti meðalaldur bíla hér á landi að færast nær því sem gengur og gerist í löndum sem við berum okkur saman við. – sg

## Fljótamenn borgi smölun

**FJALLABYGGÐ** Bæjarráð Fjallabyggðar er ósátt við ágang skagfirrs búfjár í Ólafsfirði og vill að Skagfirðingar borgi fyrir smölun á fenu í Ólafsfirði.

Á síðasta fundi bæjarráðs Fjallabyggðar var samþykkt að rita bréf til sveitarfélagsins Skagafjarðar þess efnis og ná sáttum í deilunni.

Stór hluti búfés sem smalað er í Fjallabyggð er í eigu bænda í Fljótum og unír Fjallabyggð því ekki að smala kauplaust fyrir þá. Í lögfræðilíti fyrir Fjallabyggð kemur fram að

verði sveitarfélag fyrir ágangi fjár frá öðru sveitarfélagi eigi það ekki að bera kostnað vegna þess. – sa



# Ekki fullreynt með sykurskatt

Að mati lækis leikur enginn vafi á um ágæti sykurskatts. Segir sykurskatt ekki hafa verið prófaðan almennilega hér á landi. Ísland eina vestræna landið þar sem álögur á gosdrykki hafa lækkað síðustu ár.

**LÝÐHEILSA** Það er enginn vafi á því að sykurskattur skilar sér í minni neyslu á sykri. Síðustu mánuði og ár hefur vaxandi fjöldi rannsókna sýnt að sykurskattur virkar. Það er alls ekki búið að prófa sykurskatt á Íslandi. Smávægileg vörugjöld voru ekki inn-grip sem hugsað var út frá lýðheilsu né framkvæmt eins og Landlæknir vildi gera það. Þetta er mat Tryggva Þorgeirssonar, lækis og lýðheilsufræðings.

Tryggvi hélt erindi til stuðnings sykurskatts á málþingi um sykurskatt á Fundi Fólksins sem fram fór á föstudaginn. Félag lýðheilsufræðinga, Félag matvæla- og næringufræðingafélags Íslands og Íþrótt- og heilsufræðingafélag Íslands stóðu að málþinginu.

„Ég held að það sé óhætt að segja að Ísland sé eina Vestræna landið þar sem álögur á gosdrykki hafa lækkað undanfarin árin, virðisaukaskattur hefur lækkað og vörugjöld hafa verið afnumin. Við erum að greikka aðgang að gosdrykkjum,“ sagði Tryggvi á fundinum.

Tryggvi benti á að mikil tenging sé milli gosdrykkju og offitu, ef barn drekkur eitt glas af sykrudum drykk, eða gosi, á dag aukast líkur um sextíu prósent að börn verði feit. Í þessu samhengi benti hann á að Íslendingar drekka lang mest af gosdrykkjum miðað við önnur Norðurlönd. Framboð af gosdrykkjum hér á landi sé þrefalt meira en í Finnlandi til að mynda.

Tryggvi sagði fræðslu um skaðsemi sykurs ekki endilega vera góða aðferð, sýnt hafi verið fram á að fræðsluherferðir víkji ójöfnuð í heilsu. Umhverfisinngríp eins og skattar dragi hins vegar úr aðgengi að sykri og þrengi því muninn.

Að mati Tryggva mætti koma á sykurskatti hér á landi með því að byrja á einfaldri breytingu, til dæmis með



Rannsóknir sýna að mikil tenging er milli offitu og gosdrykkju. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Við erum að greikka aðgang að gosdrykkjum.

Tryggvi Þorgeirsson, lækni og lýðheilsufræðingur



hærra álagi á gosdrykki. Í síðustu viku kom út grein sem sýndi að í Berkeley-borg í Kaliforníu hefði 40 króna vörugjöld á sykraða drykki skilað sér í 26 prósent minni neyslu á þeim. „Vörugjöld á gosdrykki er ein fára lýðheilsuáðgerða sem geta dregið úr neyslu, sparað heilbrigðiskerfinu og búið til þeningu sem hægt er að nota til að niðurgreiða grænmeti,“ sagði Tryggvi.

„Það er alþjóðleg samstaða um ágæti sykurskatts. Hér á landi væri auðvelt að útfæra skattinn með bæði vörugjöldum og því að hætta að veita sælgæti og nammi undanþágu frá efsta þrepi virðisaukaskatts,“ sagði Tryggvi.

Í kjölfar erindis Tryggva hélt Albert Guðmundsson, formaður Heimdallar, erindi gegn sykurskatti og svo tóku við pallborðsumræður. Þátttakendur í pallborðsumræðum sammældust um það að það þyrfti að fræða stjórn-málamenn betur og gera þeim grein fyrir að sykurrinn væru nýju sigarettur.

Þar sagði Tryggvi að líklega væri einfaldast að einangra ákveðna hluti, til dæmis gosdrykki, þegar væri verið að taka ákvarðanir um sykurskatt. saeunn@frettabladid.is

## Fiskur vikunnar

5. – 9. september



Öll Lúða  
fersk og kryddlegin

★ 1.990 kr. kg.



Hlíðasmára 8 | Skipholt 70 | Spönginni 13  
Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | [facebook](#)





Way of Life!

# NÝR BALENO!

KYNNUM NÝJAN TÍMAMÓTA BALENO

ÞÚ  
VERÐUR  
AÐ PRÓFA  
HANN

VERÐ FRÁ KR.  
2.460.000



SAMRUNI RÝMIS  
OG HÖNNUNAR

NÝR VALKOSTUR!  
SUZUKI BALENO  
MILD HYBRID

BALENO setur ný viðmið í nýtingu rýmis. Hann hefur mesta innra-og farangursrými í sínum flokki og er um leið sérlega vel hannaður og glæsilegur ... samruni hönnunar og rýmis.

Við kynnum nú í fyrsta sinn Suzuki Baleno með MILD HYBRID vél, ásamt tveimur sparneytnum bensínvélum, 1,0 Booster Jet og 1250 dual Jet. Meðal eyðsla frá 4,0 l/100km.

Fáðu nánari upplýsingar á [suzuki.is](http://suzuki.is)



Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100



## Þjóðernissinnar stærri en Kristilegir demókratar

**ÞÝSKALAND** Alternative für Deutschland, flokkur þjóðernissinna í Þýskalandi, fékk betri kosningu en Kristilegir demókratar, flokkur kanslarans Angelu Merkel, í kosningum sambandsríkisins Mecklenburg-Vorpommern í gær, ef marka má útgönguspár.

Búist er við því að AfD hafi fengið um 22 prósent atkvæða, flokkur jafnaðarmanna um þriðjtu prósent en Kristilegir demókratar tæp tuttugu prósent. Kristilegir demókratar hafa aldrei fengið jafnslæma kosningu í ríkinu.



Angela Merkel  
kanslari Þýskalands

Ríkið er heimaríki Merkel og velta þýskir fjölmiðlar fyrir sér hvort þetta bendi til kosningasigurs AfD í þingkosningum sem fara fram á næsta ári.

Kristilegir demókratar hafa með jafnaðarmannaflokknum farið með stjórntaumana í Mecklenburg-Vorpommern síðasta kjörtímabil og því ekki búist við að breyting yrði þar á.

Leif-Erik Holm, oddviti AfD í ríkinu, var kátur í samtali við þýska fjölmiðla í gær. „Kannski er þetta upphafið að endalokum kanslaratíðar Angelu Merkel,“ sagði hann. Holm byggði kosningabaráttu sína á andstöðu við flóttamannastefnu ríkisstjórnarinnar og telur hann að þjóðverjar taki á móti of mörgum flóttamönnum. — þea

## Móðir Teresa dýrlingur



Frans páfi heilsar safnaðarbörnum sínum undir mynd af Móður Teresu en hún var í gær tekin í dýrlingatölu við hátíðlega athöfn í Páfaragði. Tugþúsundir voru viðstaddir athöfnina. Móðir Teresa var albönsk, fædd Agnes Gonxha Bojaxhiu, og stofnaði nunnuregluna Trúboðar kærleikans í indversku borginni Kalkúttu þar sem hún starfaði til dauðadags árið 1997. Fyrir starf sitt fékk hún friðarverðlaun Nóbels 1979. NORDICPHOTOS/AFP

# Líklega dræm kjörsókn í haust

Fáir hafa tekið þátt í þeim prófkjörum sem lokið er. Vísbending um það sem koma skal, að mati prófessors.

**STJÓRN MÁL** Það er viðbúið að kosningabátttaka í Alþingiskosningunum í haust verði með versta móti. Þetta segir Grétar Þór Eysteinson prófessor við Háskólann á Akureyri.

Tvö prófkjör Sjálfstæðisflokksins fóru fram um helgina. Í sameiginlegu prófkjöri fyrir Reykjavíkurdæmin tvö lentu Ólöf Nordal og Guðlaugur Þór Þórðarson í efstu tveimur sætum og í Norðvesturkjördæmi bar þingmaðurinn Haraldur Benediktsson sigur úr býtum. Athygli vekur að þátttaka í báðum prófkjörum dregst mjög saman frá fyrri árum. 1.516 greiddu atkvæði í Norðvestur, samanborið við rúmlega 2.700 fyrir þingkosningarnar 2009, og í Reykjavík kusu 3.430. Þetta er versta kjörsókn í prófkjöri flokksins í Reykjavík

Þetta er þróun sem hefur verið í gangi frá hrúni og forvitnilegt að sjá hvort haldi áfram.

Grétar Þór Eysteinson, prófessor við HA



# 3.430

tóku þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í borginni.

frá upphafi. Til samanburðar kusu ríflega tvöfalt fleiri í prófkjöri flokksins í nóvember 2012.

„Það sem af er undirbúningi þessara kosninga þá hefur kjörsókn verið dræm hjá þeim flokkum sem valið hafa prófkjörsleiðina,“ segir Grétar og bendir í því sambandi á prófkjör Pírata. Þar tóku 1.319 þátt og kjörsókn var í kringum 35 prósent. „Verði kjörsókn sambærileg í prófkjörum annarra flokka gefur það vísbendingar um að kjörsókn verði með allra versta móti í þingkosningunum sjálfum. Þetta er þróun sem hefur verið í gangi frá hrúni og forvitnilegt að sjá hvort haldi áfram.“

Grétar telur að minnkandi stjórnmálaáhugi fólks í bland við minnkandi traust á stjórnmálamönnum hafi

þessar afleiðingar. Hann telur ósennilegt að tímasetningin prófkjöranna og kosninganna hafi áhrif í þessu sambandi. „Það er mögulegt að tilkoma Viðreisnar hafi haft sitt að segja en ég tel ekki að hún skýri allt saman.“

Líkt og áður segir varð Ólöf Nordal, varaformaður flokksins, efst í prófkjörinu en hún hlaut 61 prósent atkvæða í fyrsta sætið. Það er tíu prósentustigum minna en Hanna Birna Kristjánsdóttir hlaut í prófkjörinu 2012 en örlítið meira en Illugi Gunnarsson árið 2009. „Það kemur ekki á óvart að Guðlaugur Þór klípi nokkur prósent af fyrsta sætinu. Sem stendur á Sjálfstæðisflokkurinn engan afgerandi leiðtoga í borginni og sextíu prósent því í raun ásætlanlegt,“ segir Grétar Þór. [johannoli@frettabladid.is](mailto:johannoli@frettabladid.is)

## Kjösendur í þingkosningaprófkjörum

Ár	Atkvæði greidd
28. september 1970	9.271
1974	Ekki prófkjör
21. nóvember 1977	9.877
29. október 1979	11.637
29. nóvember 1982	8.155
18. október 1986	6.546
26. október 1990	8.480
30. október 1994	7.297
1999	Uppstilling
23. nóvember 2002	7.499
29. október 2006	10.846
14. mars 2009	7.492
25. nóvember 2012	7.546
3. september 2016	3.430

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

## Dýrmæt upplifun á góðu verði

Viðskiptavinir í Vildarþjónustu Arion banka fá Leikhúskort Þjóðleikhússins á sérstökum kjörum.

Kynntu þér málið á [arionbanki.is](http://arionbanki.is)

Arion banki  
— fyrir framtíðina





**RENAULT**  
Passion for life

# Mest seldu sendibílar Evrópu í 18 ár



## KÍKTU Í KAFFI OG REYNSLUAKTU

Nýju Renault bílarnir hafa slegið í gegn með hagstæðu verði, ríkulegum búnaði og úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault sendibíl og láttu sölumenn okkar gera þér tilboð í nýjan Renault.

### RENAULT KANGOO, DÍSIL 1,5 L. VÉL, 90 HESTÖFL

Verð: 2.330.000 kr. án vsk.  
2.890.000 kr. m. vsk.

Eyðsla 4,3 l/100 km\*

### RENAULT TRAFIC, DÍSIL 1,6 L. VÉL, 115 HESTÖFL

Verð frá: 3.218.000 kr. án vsk.  
3.990.000 kr. m. vsk.

Eyðsla frá 6,5 l/100 km\*

### RENAULT MASTER, DÍSIL 2,3 L. VÉL, 125 HESTÖFL

Verð frá: 3.992.000 kr. án vsk.  
4.950.000 kr. m. vsk.

Eyðsla 7,8 l/100 km\*

[www.renault.is](http://www.renault.is)

GE bílar  
Reykjanesbæ  
[www.gebilar.is](http://www.gebilar.is)  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
[www.bilas.is](http://www.bilas.is)  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
[www.ib.is](http://www.ib.is)  
480 8080

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)





# Segir borgað með útflutningi kjötsins

Frá 2007 hefur kindakjötsframleiðsla aukist. Framkvæmdastjóri Fjallalamb segir offramleiðslu á kjöti og greitt með útflutningi. Fyrirtækið hefur óskað eftir hlutafjárútkningu til að laga lausafjársvanda. Afurðastöðvar hafa tekið á sig mikinn skell á síðustu misserum.

**LANDBÚNAÐUR** Fjallalamb hf. hefur óskað eftir hlutafjárútkningu í félaginu til að laga lausafjárstöðu. Björn Víkingur Björnsson, framkvæmdastjóri félagsins, segir síðustu tvö ár hafa verið gríðarlega erfð fyrir afurðastöðvar fyrir lambakjöt og að allur útflutningur sé rekinn með tapi. Fréttablaðið sagði frá því á dögunum að af rúmum tíu þúsund tonn sem framleidd eru af kindakjöti ár hvert fari um þrjú þúsund tonn á erlenda markaði.

„Það er offramleiðsla á landinu í dag, það er klárt að mínu mati. Einnig munu nýju búvörusamningarnir taka í burtu einu framleiðslustýringuna sem er í kerfinu og því ekki von á góðu ef áfram heldur sem horfir. Ég gæti trúað því að meðalbændur á okkar starfssvæði, sem er Óxarfjörður og Þistilfjörður, muni tapa um einni og hálfri milljón króna á þessum nýju samningum,“ segir Björn Víkingur.

Ég ætla að leyfa mér að segja að það er fyrst og fremst verslunin sem stýrir verði til bænda á Íslandi.

Gunnar Bragi Sveinsson, landbúnaðarráðherra



Við erum að borga með útflutningi á þessa helstu markaði okkar.

Björn Víkingur Björnsson, framkvæmdastjóri Fjallalamb



**60.000**  
fleiri lömbum er slátrað nú en árið 2007

Unnið að því að hreinsa slög í Fjallalambi á Kópaskeri. Fyrirtækið stendur ekki vel. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Frá árinu 2007 hefur framleiðsla á kindakjöti aukist. Um 60.000 fleiri dillum var slátrað árið 2015 en árið 2006. „Það er taprekstur á öllum útflutningi á lambakjöti í ár. Á meðan krónan hefur styrkst hefur gengi breska pundsins og norsku krónunnar farið niður svo við erum að borga með útflutningi á helstu markaði okkar,“ bætir hann við.

„Ég ætla að leyfa mér að segja að það er fyrst og fremst verslunin sem stýrir verði til bænda á Íslandi,“ sagði Gunnar Bragi Sveinsson landbúnaðarráðherra í þingræðu í síðustu viku um lækkað afurðaverð til bænda. „Hins vegar er lambakjöt flutt út til Evrópu. Þeir markaðir eins og aðrir hafa reynst býsna erfðir að undanförunu. Það eru nokkur atriði sem spila þar inn í. Eftirspurnin er einfaldlega önnur,“ sagði Gunnar Bragi.

sveinn@frettabladid.is



Gunnar Alexander Ólafsson

## Við undirrituð styðjum Gunnar Alexander í 3.-4. sætið í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík dagana 8.-10. september 2016

Ágúst Ingi Sigurðsson, hafnsögumaður  
Guðjón Halldór Gunnarsson, flugstjóri  
Ólafur Ólafsson, fyrrv. landlæknir  
Þórður Geir Þorsteinsson  
Teitur Atlason, blaðamaður  
Pétur Óli Jónsson, viðskiptafræðingur  
Páll Seaver Guðjónsson, markaðsstjóri  
Árni Gunnarsson, fyrrv. þingmaður  
Kjartan Emil Sigurðsson, stjórnmalafraeðingur  
Egill Rúnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri  
Einar Skúlason, framkvæmdastjóri  
Emil Thoroddsen, framkvæmdastjóri  
Björgvin Guðmundsson, fyrrv. borgarfulltrúi  
Hannes Ottósson, sérfræðingur  
Kristinn Ö. Jóhannesson, fyrrv. formaður VR

Bjarni Þór Sigurðsson, varaformaður VR  
Örn Logasson, hópstjóri  
Hákon Óli Guðmundsson, verkfræðingur  
Hreinn Jónsson, byggingatæknifræðingur  
Ólafur Arnar Arthursson, kerfissfræðingur  
Guðrún Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur  
Kristjana Hrafnadóttir, kennari  
Ninja Ómarsdóttir, markaðsfræðingur  
Jódis Bjarnadóttir, félagsráðgjafi  
Dóra Magnúsdóttir, markaðsstjóri  
Anna Sigrún Baldursdóttir, hjúkrunarfræðingur  
Brynja Baldursdóttir, aðstoðarskólustjóri  
Anna Guðrún Sigurðardóttir, ráðgjafi  
Íris Lind Sæmundsdóttir, lögfræðingur  
Ingunn Jónsdóttir, lækni

Árora Gústafsdóttir, markaðsstjóri  
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, skrifstofustjóri  
Guðný Helga Gunnarsdóttir, lektor við HÍ  
Karen Levke, B.sc. í lyfjafræði  
Ásta Arnardóttir, bókarí  
Brynja Pála Helgadóttir, ljósmóðir  
Hildur Helga Sigurðardóttir, blaðamaður  
Kristín Erna Arnardóttir, stjórnmalafraeðingur  
Karen Sif Eypórsdóttir, háskólanemi  
Anna K. Kristjánsdóttir, vélfræðingur

Við minnum á stuðningsmannakaffið í dag mánud. milli kl. 17-19 á Bergsson RE, Grandagarði



<https://www.facebook.com/GunnarAlexanderFrambod2016/>



Fyrstu kröfubréfin verða send innan nokkurra vikna.

## Fá rukkun fyrir að dreifa efni

**SVÍÞJÓÐ** Innan nokkurra vikna fá allt að eitt þúsund manns í Svíþjóð, sem dreifa höfundarvörðu efni ólöglega, kröfu um greiðslu upp á 2.000 sænskar krónur, eða 27 þúsund íslenskar krónur, fyrir hverja kvikmynd. Nýtt fyrirtæki á vegum höfunda í skemmtanabransanum hefur afhjúpað hverjir eru á bak við fjölda IP-talna en þegar hafa nokkur þúsund verið afhjúpuð. Greiði þeir sem fengið hafa kröfubréfin verður ekki höfðað mál gegn þeim.

Þegar fram líða stundir verður farið fram á hærri greiðslur frá þeim sem dreifa efni ólöglega, að því er segir í frétt á vef Dagens Nyheter. – ibs

## Pöndur ekki lengur í hættu

**DÝRALÍF** Kínverska risapandan hefur verið tekin af lista dýraverndarsamtakanna IUCN yfir dýr í útrýmingarhættu í kjölfar áralangrar vinnu við að forða tegundinni frá að deyja út.

Pandan hefur löngum verið eitt þjóðardýra Kína. Síðustu talningar benda til þess fjöldi fullorðinna dýra sé nú 1.864. Fjöldi húna er nokkuð á reiki en séu þeir taldir með slagar fjöldinn upp í tæplega 2.100. Af þeim sökum er pöndustofninn nú talinn viðkvæmur en ekki lengur í hættu á að útrýmast.

Óttast er að gleðin gæti verið skammvinn því vísindamenn telja að loftlagsbreytingar gætu fækkað bambustrjám, helstu fæðu pandabjarna, um þriðjung á komandi öld. – jõe



SIMPLY CLEVER

ŠKODA



# Prófaðu Fabiu í sólarhring

ŠKODA Fabia býr yfir ótal kostum, en fögur orð og fyrirheit koma ekki í staðinn fyrir persónulega reynslu. Því langar okkur að lána þér Fabiu í sólarhring. Komdu við hjá okkur eða sendu póst á [skoda@hekla.is](mailto:skoda@hekla.is) og fáðu nýja ŠKODA Fabiu til reynslu í 24 tíma. Hlökkum til að sjá þig.

Verð frá aðeins  
**2.290.000** kr.



reddot award 2015  
best of the best car design

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · [hekla.is](http://hekla.is)  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílaskólinn Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

[www.skoda.is](http://www.skoda.is)





ÚRVAL ÚTSÝN

# HAUSTSÓL Á FRÁBÆRU VERÐI

VIÐ HÖLDUM ÁFRAM MEÐ SAMA LÁGA VERÐIÐ. SÖLUMENN SVARA Í SÍMA 585 4000 OG TAKA VEL Á MÓTI VIÐSKIPTAVINUM Í HLÍÐASMÁRA 19, ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á UU.IS

PÚ KEMST Í SÓLINA FYRIR AÐEINS 39.900.-

KANARÍ / HÁLFT FÆÐI



Enska stöndin **EUGENIA VICTORIA** ★★★ 14. - 21. SEPTEMBER

VERÐ FRÁ **65.700 KR.:**

\*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn tvíbyli með hálfu fæði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 77.900 kr.

TENRIFE



Los Cristianos **SUITES AT BEVERLY HILLS** ★★★ 24. SEPT. - 01. OKT.

VERÐ FRÁ **84.900 KR.:**

\*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 114.900 kr.

BENIDORM




Benidorm **PORT BENIDORM** ★★★★ 20. - 27. SEPTEMBER

VERÐ FRÁ **89.900 KR.:**

\*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbyli með morgunverði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 114.900 kr.

NÆSTU BROTTFARIR / MALLORCA 06.09 & 13.09 VERÐ FRÁ 49.900 KR. / KANARÍ 07.09 VERÐ FRÁ 39.900 KR. / BENIDORM 06.09 VERÐ FRÁ 57.900 KR.

KANARÍ




Enska ströndin **PARQUE CRISTOBAL** ★★★ 28. SEPT. - 5. OKT

VERÐ FRÁ **74.900 KR.:**

\*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í kid Suite með tveimur svefnherbergjum. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 84.900 kr.

TENERIFE



Playa de Las Americas **PALM BEACH** ★★★ 17. - 24. SEPTEMBER

VERÐ FRÁ **89.900 KR.:**

\*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með tveimur svefnherbergjum. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 129.900 kr.

BENIDORM / HÁLFT FÆÐI



Benidorm **BALI** ★★★★ 27. SEPT. - 04. OKT.

VERÐ FRÁ **98.900 KR.:**

\*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbyli með hálfu fæði, vatn og léttvín með kvöldmat.

SÉRTILBOÐ HÁLFT FÆÐI, VATN OG LÉTTVÍN MEÐ KVÖLDMAT

Ath. Gildir aðeins með nýjum bókunum.



24. - 27. NÓVEMBER 2016

## ÍRLAND DUBLIN

Flott löng helgi í Dublin, eiga ljúfar stundir í góðra vína hópi, upplifa ekta írsku menningu og versla jólagjafir við Grafton Street. Fararstjóri; Helgi Danielsson. Skemmtanastjórar verða Svali og Svavar

VERÐ FRÁ **83.900 KR.** á mann í tvíbyli með morgunverði



NÓVEMBER OG DESEMBER 2016

## ÞÝSKALAND BERLÍN

Berlín er dásamleg á adventunni. Borgin er fallega skreytt og jólamarkaðir um alla borg. Ilmur af volgum möndlum, glühwein og steiktum pylsum er á hverju horni. Fararstjóri; Marie Kruger

VERÐ FRÁ **77.900 KR.** á mann í tvíbyli með morgunverði



16. - 21. SEPTEMBER 2016

## PLANTIO GOLF SPÁNN

ALLT INNIFALIÐ. Vinsælasti golfstaður Úrvals Útsýnar. Ótakmarkað golf, lúxus íbúðir, allt innifalið, matur & drykkir. Reyndir íslenskir fararsjórar.

VERÐ FRÁ **139.900 KR.** á mann m.v. 4 fullorðna. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 141.900 kr.



SKÍÐAFERÐIR Í VETUR 2017

## MADONNA ÍTALÍA

Hinar vinsælu skíðaferðir til Madonna eru komnar aftur í sölu. Madonna er einn þekktasti skíðabær Ítalíu, úr miðbænum er stutt í lyftur og kláfa.

Fararstjóri; Niels Hafsteinsson





# Hver við erum



Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is

**L**eikhús er þýðingarmest allra heimsins stofnana því að þar er sýnt hvernig fólk ætti að vera, hvernig það gæti verið ef það þyrði og hvernig það er í raun og veru. Þetta skrifaði Tove Jansson í *Ævintýri múmínálfanna*. Það er falleg bók. Sónn og mannbætandi. Það er sannleikur í þessum orðum og í þeim er í senn fólgin hvatning til fólks að sækja leikhús og líka krafa til leikhússins um að standa sig. Að standa undir því að vera þýðingarmest allra heimsins stofnana. Það er erfitt að standa undir slíkri kröfu.

Það er líka umhugsunarefni hvort við sem förum í leikhúsið séum nægilega dugleg við að gera þá kröfu til leikhússins að það sýni okkur hvernig við gætum verið ef við þyrðum og hvernig við erum í raun og veru. Það er hæpið ef lítið er til þess sem kemur áhorfendum í leikhúsið. Í Fréttablaðinu síðastliðinn laugardag skoðaði Sigríður Jónsdóttir, leiklistargagnrýnandi blaðsins, hvað er fram undan á nýju leikári. Þar er greinilega margt spennandi en annað ekki eins og gengur, en það sem vekur þó eftirtekt er mikill fjöldi leikgerða í stóru leikhúsunum; Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu. Á móti kemur að hlutur nýrra frumsaminnna leikrita er langt um minni og eins og Sigríður bendir á er þessi þróun ákveðið áhyggjuefni.

Ekki sökum þess að leikgerðir séu eitthvað ómögulegt fyrirbæri, heldur er þetta orðið endurtekningarsamt og þreytt stef í íslensku leikhúsi. Málið er að það heyrir til undantekninga að leikgerðir eða uppfærslur á bókum bæti einhverju við það listaverk sem fyrir var. Verk sem var skapað sem bók nýtur sín oftast en ekki best í sínu upprunalega formi. Að auki verða oftast ekki fyrir valinu verk sem leikhúsgestir þekkja, því treyst er á vinsældir bókarinnar til þess að tryggja aðsókn.

Aðsókn. Þar liggur hundurinn grafinn. Það er óhætt að efast um að t.d. Salka Valka og Tímabjórurinn hafi verið skrifaðar til þess að seljast eins og heitar lummur, heldur kannski frekar til þess að sýna okkur hvernig við gætum verið og erum í raun og veru. Þetta eru góðar bækur, skrifaðar á forsendum listarinnar og erfitt að sjá að endurvinnsla hafi einhverju við að bæta. En við sækjum í það sem er kunnuglegt og okkur þykir vænt um og því erum við líklegri til þess að sjá þessar sýningar en til að mynda ný og áráðin verk. Það er mikilvægt fyrir allt leikhús að vinna með það sem er hluti af samtíma þess og veruleika hverju sinni og því er þetta miður.

Þetta er ekki ritað stjórnendum eða húsunum til hnjóds. Leikhúsin búa við þröngun fjárhag og eru háð því að viðunandi fjöldi áhorfenda kaupi það sem þau hafa að selja. En leikhúsin þurfa að hafa frumkvæðið að því að rjúfa þetta ferli og efna til aukinnar samræðu við samfélag sitt og samtíma. Því leikhúsið á ekki aðeins að sýna okkur það sem við viljum sjá. Það á að sýna okkur hvernig fólk ætti að vera, hvernig það gæti verið ef það þyrði og hvernig það er í raun og veru. Það hlýtur að vera satt því það stendur í bók um múmínálfana.



En við sækjum í það sem er kunnuglegt og okkur þykir vænt um og því erum við líklegri til þess að sjá þessar sýningar en til að mynda ný og áráðin verk.

## Halldór



## Frá degi til dags

### Gulli langlífi

Því hefur oft verið fleygt fram að enginn komist í gegnum heilt kjörtímabil sem heilbrigðisráðherra án þess að það skaði pólitíska ferilinn. Það verður hinsvegar seint sagt um síðustu heilbrigðisráðherra Sjálfstæðisflokksins, Kristján Þór Júlíusson og Guðlaug Þór Þórðarson. Um hinn síðarnefnda verða líkast til skrifaðar kennslubækur. Enda hefur hann náð með undravörum hætti að koma sér undan kúlnahrið samflokksmanna sinna sem margir hafa viljað fella hann. Nú stendur hann hinsvegar uppi með pálmann í höndunum og mögulegan ráðherrastól að loknum kosningum.

**Atvinnuöryggi þar exelans**  
Njáll Trausti Friðbertsson, flugumferðarstjóri og harður andstæðingur byggðar í Vatnsmyrinni, ýtti Valgerði Gunnarsdóttur niður í þriðja sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins. Ef Valgerður kemst ekki á þing getur hún gengið inn í fyrri stöðu sína sem skólameistari því hún fór í fimm ára launalaust leyfi fyrir þingsetu. Yrði hún líkast til eini þingmaðurinn sem þarf ekki að sækja um vinnu eftir kjörtímabilið. Verður það að teljast mikið atvinnuöryggi. Einnig hefur verið beðið lengi eftir því að ráðuneyti menntamála auglýsi stöðu skólameistara á Húsavík lausa til umsóknar. Nú gæti verið lag að auglýsa hana. sveinn@frettabladid.is

## Á vegamótum



Steinunn Þóra Árnadóttir  
þingmaður  
Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs

Ríkisstjórn Sigurðar Inga Jóhannssonar var snarad upp í flýti eftir að fyrrverandi forsætisráðherra hrökklaðist frá völdum vegna Panama-skjala og sænskra sjónvarpsviðtala. Frá fyrsta degi hefur hinni nýju stjórn orðið tíðrætt um erindi sitt og hin fjölmörgu mikilvægu mál sín, sem ljúka yrði fyrir kosningar.

Á liðnum dögum hefur þingi og þjóð gefist færi á að skoða nokkur þessara mála. Þau eiga sammerkt – sem hefði þó ekki átt að koma á óvart – að hygla þeim betur stæðu í samfélaginu en draga úr möguleikum þeirra sem lakar standa fjárhagslega. Jafnframt koma þau verr við konur en karla.

Fyrst er að nefna námslánafrumvarp sem felur í sér að verðtryggingir vextir hækki og endurgreiðslur verði ekki lengur tekjutengdar. Frumvarp um kaup á fyrstu íbúð gerir ráð fyrir að framlög ríkisins verði hlutfallslega hærri til þeirra sem eru efnadri og færir um að greiða meira í séreignarsparnað. Bætist þetta því við skattkerfisbreytingar og skuldaniðurfellingar á kjörtímabilinu sem gagnast hafa ríkustu hópum samfélagsins.

Á sama tíma er afgreidd ríkisfjármálaáætlun fyrir árin 2017–2021. Þar má sjá framtíðarsýn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins þegar kemur að rekstri samfélagsins. Þar er sú stefna mörkuð að útgjöld til menntamála og heilbrigðisþjónustu eigi ekki að hækka í takti við landsframléiðslu. Það boðar ekkert annað en veikingu velferðarkerfisins.

Að auki er heildarhagsmunum íslensks samfélags stefnt í vöð með því að gera ekki ráð fyrir auknum fjármunum til uppbyggingar innviða og nauðsynlegs viðhalds, svo sem á vegakerfi.

Af þessari braut verður að snúa. Til allrar hamingju stýttist nú í kosningar. Þá gefst færi til að velja hvort Ísland eigi að halda áfram á braut sérhagsmuna hinna ríkari eða kjósa til áhrifa fólk sem hefur áhuga og metnað til þess að styrkja velferðarsamfélagið, með það að markmiði að allir geti haft það gott óháð tekjum eða hag að öðru leyti.



Til allrar hamingju stýttist nú í kosningar. Þá gefst færi á að velja hvort Ísland eigi að halda áfram á braut sérhagsmuna hinna ríkari.

**Gæði og glæsileiki**  
endalaust úrval af hágæða flísum

**Flísabúðin**  
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook



# Menn treysta því...

Í DAG



Guðmundur  
Andri Thorsson  
rithöfundur



**Menn treysta því að ekki þurfi að rannsaka áhrif framkvæmdanna á lífríkið, og vilja helst vera búnir að gera sem mest áður en næst að rannsaka áhrifin í sönnum Kröflustíl.**

Baráttan fyrir náttúruvernd er eilífðarverkefni. Eyðingaröfl mannsins eru sívirk og óþreytandi – menn sem vilja þaulnýta gjafir náttúrunnar með stundargróðann einan að leiðarljósi en hirta ekki um hugsanlegar afleiðingar umsvifanna á vistkerfið. Trúa ekki náttúruvísindamönnum – eða er bara hreinlega sama; finnst það skipta meira máli að hafa það þægilegt hér og nú; mestu varði að „skapa atvinnu“.

Svo eru alltaf til menn sem líta á náttúruna sem ófullkomna og telja hlutverk sitt að laga hana og leiðrétta, betrubæta ferla hennar og hámarka not hennar fyrir mannskepnuna.

Og loks eru þeir til sem er beinlínis í nöp við náttúruna; mega ekki sjá foss án þess að vilja fjötra hann; fljót án þess að vilja stífla það; fjall án þess að vilja moka úr því; fugl án þess að vilja skjóta hann. Menn sem eru alltaf að eltast við síðasta geirfuglinn.

... að það reddist

Og nú er tekst á um fiskeldi og stórfelld umsvif norskra fiskeldisfyrirtækja hér á landi eftir að þrengt hefur verið að starfsemi þeirra í Noregi vegna alvarlegra vandamála sem hún hefur haft í för með sér fyrir norska náttúru. Þá er horft til Íslands til að halda áfram án þess að þurfa að lúta of ströngum reglum og stífu eftirliti.

Helst er horft til Vestfjarða. Við munum eftir því að fyrir nokkrum árum komu nokkrir menn í Arnarfjörðinn – fegursta fjörð landsins – svipuðust þar um og sögðu svo: Hér vantar einmitt oliuhreinsunarstöð. Og hófust handa við furðu almennan fögnuð en til allrar hamingju þraut þá örendið áður en þeir næðu að gera auðugustu fiskimið Evrópu að oliuflutninga-svæði og fjörðinn fagra að vettvangi fyrir eina óþrifalegustu iðju sem rányrkja mannsins á jarðargæðunum hefur í för með sér.

Og enn hafa menn uppi mikil áform á Vestfjörðum. Þegar er búið að veita leyfi fyrir laxeldi í sjó þar vestra í þúsundatönnavis og hefur verið sótt um leyfi fyrir ennþá meira eldi – svo skiptir tugum þúsundatönnna hér og þar um landið.

Óhætt er að segja að í þessum áformum öllum sjái menn í hyllingum mikla peninga en treysti að öðru leyti á guð og lukkuna, en einkum þó norskt hugvit.

Menn treysta því að ekki þurfi að rannsaka áhrif framkvæmdanna á lífríkið, og vilja helst vera búnir að gera sem mest áður en næst að rannsaka áhrifin í sönnum Kröflustíl. Menn treysta því að laxeldið muni ekki hafa áhrif á náttúrulega fiskistofna; treysta því að það sleppi til þó að laxeldið sé á mjög viðkvæmu svæði, og í grennd við þekktar lax- og silungsveiðiár. Menn treysta því að þó að fiskar sleppi út í náttúruna þá muni þeir ekki blandast við villta stofna með þeim afleiðingum fyrir þá stofna sem hér eru að þeir munu glata uppsöfnuðum hæfileikum sínum til að lifa af við einmitt þær aðstæður sem ríkja í þeirri á sem allar laxakynslóðirnar á undan þeim hafa vitjað á hverju ári frá lokum ísaldar. Tökum sénsinn á því. Þeir finna eitthvað út úr því Norðmennirnir.

Menn treysta því að laxeldið hafi ekki áhrif á fuglalíf og að

mengun verði ekki vandamál kringum þennan rekstur; menn treysta því að áhrif á æðarvarp og skelfisk verði engin. Menn treysta því að sjúkdómar berist ekki með hafstraumum og menn treysta því að laxalús, sem verið hefur mikið vandamál í Noregi, muni ekki þrífast hér við land. Um að gera að taka bara sénsinn á því.

**Landnámsmenn**

Menn eru með öðrum orðum bjartsýnir og að sama skapi sinnulitlir um allt það sem í húfi kann að vera, gangi öll þessi áform eftir. Í fyrsta lagi er náttúran verðmæt í sjálfri sér; það er grundvallarregla að maðurinn hagi ævinlega verkum sínum þannig að náttúran skaðist ekki eða skerðist, sem er raunar alls ekki erfitt því að nóg eru gjafir jarðar til að fæða allar skepnur. Í öðru lagi hefur Ísland sérstaka – og viðkvæma – mynd sem þarf að gæta sérstaklega. Þetta er mynd óspilltrar náttúru, sem verður því sterkari og verðmætari sem náttúran er – óspilltari.

Matvælaframleiðsla er göfug iðja í sveltandi heimi en þegar um er að ræða svo viðkvæma starfsemi sem fiskeldi er ekki hægt vaða áfram með úreltum aðferðum frá Noregi, sem hafa skilið eftir sig óafturkræf umhverfisspjöll, mengaða firði þar sem lítið líf þrífst og villta laxastofna sem eru nú þegar byrjaðir að blandast eldisfiskinum þannig að þeir munu halda áfram að veiklast á næstu áratugum. Nú þegar fiskeldi Samherja undir merki Íslandsbleikju segir frá því að þeir ætli að stórauka umsvif sín í lítt mengandi landeldi á bleikju og laxi, með starfsstöðvum í Axarfirði og Grindavík, hafa Norðmenn hins vegar mestan áhuga á að komast ódýrt í ósnortna firði við Íslandsstrendur og gjöreyða þeim eins og þeir hafa nú þegar gert heima fyrir – með dyggum stuðningi íslenskra sveitarstjórna og hins opinbera sem taka allri fjárfestingu á landsbyggðinni fegins hendi. Og íslenskir athafnamenn kætast yfir því að fá loks til liðs við sig erlend fyrirtæki sem kunni til verka eftir langa sorgarsögu gjaldþrota í fiskeldi hér við land. Næst verður það líklega Grænland – eins og þegar norsku landnámsmennirnir eyddu fyrst birkiskógunum á Íslandi með aðstoð sauðkindarinnar og héldu síðan áfram á Grænlandi þegar allt var upp urið hér á landi.

**ENDURNÝJUN  
OG VIÐHALD**

Löggiltur rafverktaki

Sími:

**696 5600**

rafsol@rafsol.is

**RAFSÓL**

Síðumúla 34 • 108 Reykjavík  
Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

# Öflugur háskóli til farsældar



Jón Atli Benediktsson  
rektor Háskóla  
Íslands

Það er óumdeilt meðal þeirra þjóða sem fremstar standa að háskólar eru ómissandi hlekkur í þekkingar- og verðmæta-sköpun nútímasamfélaga og að lífskjör í framtíðinni munu byggja á menntun, vísindastarfsemi, nýsköpun og frumkvöðlahugsun. Markmið Háskóla Íslands er því að sækja fram á sviði rannsókna og kennslu ásamt því að efla gæði og styrkja innviði. Drifkrafturinn felst í að skapa nýja þekkingu og verðmæti byggð á rannsóknum og vísindum.

Háskóli Íslands hefur verið í mikilli sókn á undanförunum árum. Rannsóknavirkni starfsmanna hefur vaxið hratt og sýna alþjóð-

legar mælingar að áhrif vísindastarfsins eru á flestum sviðum vel yfir heimsmeðaltali. Þá má benda á að um 1,5% þjóðarinnar á aldrinum 25-64 ára ljúka nú prófgráðu frá skólanum á ári hverju. Á sama tíma er Háskólinn í nánú samstarfi við marga af helstu rannsóknaháskólum heims ásamt því að eiga í ríkulegri samvinnu við öflugar íslenskar vísindastofnanir og mörg fyrirtæki.

